



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. október 2020.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, þskj. 86, 85. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Með tillögunni er dómismálaráðherra falið að setja á fót starfshóp sem skuli móta tillögur um bætt verklag um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál á milli kerfa félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, skóla og lögregluembætta. Starfshópnum verði falið m.a. að móta tillögur um rýmri lagaheimildir til miðlunar upplýsinga og koma á fót samstarfsvettvangi stjómvalda.

MRSÍ styður tillöguna heils hugar enda telur skrifstofan upplýsingamiðlun milli kerfa með samþykki þolenda eða út frá hagsmunum barna sé mjög til bóta, því þannig fái brotaþolar heimilisofbeldis markvissari aðstoð og jafnvel fyrir og frekar en ella.

MRSÍ telur framangreint ekki síst mikilvægt með tilliti til kvenna í viðkvæmri stöðu. Til dæmis sýna rannsóknir svo ekki er um villst að fatlaðar konur eru berskjaldaðri fyrir heimilisofbeldi og annars konar ofbeldi en ófatlaðar og því er mikilvægt að horfa sérstaklega til þarfa þeirra. Stuðningsaðilar sem vinna með þolendum ofbeldis svo sem Stúgamót og Kvennaathvarf og aðrir samstarfsaðilar að baki Bjarkarhlíð, móttökumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis, styðja jafnt við fatlaðar konur sem búa við ofbeldi og ófatlaðar en nauðsynlegt er að tryggja aðgengi og fullnægjandi þekkingu á aðstæðum fatlaðs fólks og þörfum. Fatlaðar konur eru t.d. oft háðar þeim sem beitir þær ofbeldi um stuðning við margar athafnir daglegs lífs og því mjög erfitt fyrir þær að sporna við ofbeldinu eða leita sér aðstoðar. Þá á fólk með þroskahömlun og/eða einhverfu oft erfitt með að greina hvenær um ofbeldi er að ræða, hvað er eðlilegt og hvað óeðlilegt í nánnum samböndum. Oft þarf að beita sérstakri nálgun þegar fatlaðar konur eiga í hlut, og mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að hafa tiltæka ferla til að gera það.

Þá bendir MRSÍ á stöðu erlendra kvenna. Félagssleg einangrun, skortur á tengslaneti, röng upplýsingagjöf og vanþekking þeirra á íslensku samfélagi og lagaumhverfi gerir stöðu þeirra í flestum tilvikum mun veikari en stöðu innlendra kvenna. Þá eru þær oft háðar þeim sem beitir þær ofbeldi á einhvern hátt, s.s. fjárhagslega og varðandi aðgengi að heilbrigðisþjónustu o.fl.

Loks skal minnt á lög nr. 19/2013, um Samning sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem mæla m.a. fyrir um það að ætíð skuli hafa það sem börnum er fyrir bestu að leiðarljósi. Börn sem upplifa heimilisofbeldi, hvort sem þau verða fyrir því sjálf eða ekki, verða fyrir alvarlegum og oftast varanlegum áhrifum þess vegna. Aukin upplýsingamiðlun, samræmdar aðgerðir, snemmtæk íhlutun



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

og samvinna leiða án vafa til betri niðurstöðu í heimilisofbeldismálum og verður þar með til að bæta hag allra sem við slíkt ofbeldi búa.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri